

**Nr. 18-215 S 151 Kap II VE 7*****Skipverji slasast á hendi***

*Skipaskr.nr.*: 1062  
*IMO*: 6804692  
*Útgerð*: Vinnslustöðin hf.  
*Smíðaður*: Stálvík, 1967, stál  
*Stærð*: 407,58 brl. 575,28 bt.  
*Mesta lengd*: 52,07 m *Skráð lengd*: 47,0 m  
*Breidd*: 7,90 m *Dýpt*: 6,20 m  
*Vél*: Bergen diesel, 729,0 kw, 1981  
*Fjöldi skipverja*: 12



Kap II © Hilmar Snorrason

**Gögn:**  
Gögn RNSA

*Málið afgreitt á fundi 1. nóvember 2019 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynt og Pálma K Jónssyni*

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 26. júlí 2018 var Kap II VE 7 á netaveiðum á Héraðsflóadýpi. Veður: SSA 8 m/sek.

Skipverji var á að taka fisk inn fyrir netarúlluna, sem stóð út fyrir skipið, þegar hann flæktist með vinstri hendi í netinu og girni þess skarst inn í hana. Búið var um sárið og siglt með skipverjann til læknis á Neskaupstað.

***Við rannsókn kom fram:***

- að skipverjinn missti framan af litla fingri.

***Nefndarálit:***

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.